

13. fundur í háskólaráði Landbúnaðarháskóla Íslands

haldinn á Hvanneyri miðvikudaginn 15. nóvember 2006 kl. 13:30. Fundinn sátu eftirtaldir háskólaráðsfulltrúar: Ari Teitsson, Hákon Sigurgrímsson, Stefán Kalmansson, Emma Eyþórsdóttir, Haraldur Benediktsson, Helgi Einarsson, Ágúst Sigurðsson rektor og Ari Eggertsson varamaður Brynhildur Einarsdóttur, Jón Torfi Jónasson hafði boðað forföll. Fundinn sat einnig Þorvaldur T. Jónsson sem ritaði fundargerð.

Rektor setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og kynnti dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar. Samþykkt með smávægilegum breytingum.
2. Þróun mála frá síðasta fundi ráðsins. ÁS greindi frá þeim stefnumarkandi atriðum í rekstri skólans sem m.a. birtast í vaxtarsamningi Vesturlands. Varðandi námið er nú tvennt í undirbúningi, annars vegar alþjóðleg námslína í jarðvegsverndarfræðum sem er samvinnuverkefni LbhÍ, Landgræðslunnar og Utanríkisráðuneytisins. Hinsvegar er ný námsbraut á háskólastigi í hestafræðum sem er samvinnuverkefni LbhÍ og Hólaskóla. Ný verkefni í undirbúningi eða komin á rekspól eru hagfræði landbúnaðarins, rannsóknasetur í kolefnisbindingu, sameindaerfðafræði/líftækni og rannsóknir í skipulagsfræðum. Skipuð hefur verið nefnd til að endurskoða starfsmenntanám í garðyrkju. Þá er önnur nefnd að störfum við endurskoðun á rannsóknum í garðyrkju. Báðar nefndirnar eiga að skila af sér fyrir 15. apríl. Nokkur umræða varð um stöðu garðyrkjunámsins.
3. Mál til afgreiðslu.
 - 3.1. Útfærsla á starfsreglum. Setja þarf nánari reglur um kosningu deildarforseta, kjörgengi o.fl. Eftirfarandi var samþykkt: a) kjörgengir eru allir dósentar og prófessorar deildarinnar, b) kosningarétt hafa þeir sem eiga seturétt á deildarfundum sbr. 10 gr. starfsreglna, c) kosning skal vera leynileg. Einnig samþykkt að gera þá breytingu að sameiginlegur deildarfundur fái heitið háskólafundur.
 - 3.2. Ákvörðun um starfskjör prófessora. Í skoðun hefur verið að færa ákvörðun um starfskjör prófessora frá kjararáði þannig að þau verði þá samningsatriði milli stéttarféлага og stofnanana. Rektor lagði fram tillögu um að fyrir hönd LbhÍ yrði lögð áhersla á að halda óbreyttu kerfi, þ.e. að laun prófessora verði áfram ákvörðuð af kjararáði. Samþykkt samhljóða.
4. Fjármál og kynning á fjárhagsáætlun 2007. ÞTJ greindi stuttlega frá stöðu fjármála, horfum á rekstrarniðurstöðu yfirstandandi árs og horfum á næsta ári. Fjárlagafrumvarp ársins 2007 gerir ráð fyrir raunskerðingu fjárheimilda um 11,6 millj kr. en vonir eru bundnar við að leiðréttingar verði gerðar fyrir endanlega afgreiðslu fjárlaga. Háskólaráð vill beita sér fyrir því að skoðaðir verði möguleikar á frekari umbreytingum á stofnanakerfi landbúnaðarins sem gæfi LbhÍ möguleika á að eflast, einkum á sviði hagfræði. Rektor falið að vinna að málinu.

5. Þarfagreining. ÁS lagði fram drög að skýrslu um þarfagreiningu þar sem skoðaðar eru mismunandi leiðir í uppbyggingu starfsemi og húsakosts LbhÍ. Farið var yfir meginatriði skýrslunnar sem verður kynnt frekar á næstunni.
6. Umhverfisstefna LbhÍ.
Drög að umhverfisstefnu lögð fram til kynningar og athugasemda. Fram kom að umhverfisstefna yrði að vera í samræmi við raunverulegt umhverfi og möguleika landbúnaðarins. Háskólaráðsfulltrúar munu taka þátt í mótun stefnunnar með því að senda inn athugasemdir.
7. Önnur mál.
Viðurkenning á fræðasviðum háskóla. Kynning á erindi frá menntamálaráðuneyti en samkvæmt nýjum háskólalögum þarf LbhÍ að sækja um viðurkenningu menntamálaráðherra á fræðasviðum sínum. Unnið verður að umsókn á næstu mánuðum.
Breyting á búnaðarfræðslulögum. Samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu er hlutverk Háskólans á Hólum skilgreint þannig að skólinn sé miðstöð fyrir kennslu og rannsóknir í hrossarækt og hestamennsku, fiskeldi og ferðaþjónustu í dreifbýli. Háskólaráð leggur áherslu á að sá skilningur verði skýr í endanlegum lagatexta að þetta takmarki í engu möguleika LbhÍ á rannsóknum og kennslu í viðkomandi greinum.
HE vakti athygli á ákvæðum starfsreglna um prófsýningar og að núverandi fyrirkomulag væri óhentugt. Nauðsynlegt sé að prófsýningar séu almenn regla en ekki framkvæmdar samkvæmt beiðnum nemenda. Eðlileg málsmeðferð er að beina málinu til kennslusviðs þar sem leitast verði við að greiða úr málinu og koma fram með tillögur að úrbótum.